

Ályktun landsfundar Sjálfsbjargar um hjálpartæki 2025

Landsfundur Sjálfsbjargar skorar á heilbrigðisráðherra að leggja fram endurskoðað og uppfært lagafrumvarp um hjálpartæki á haustþingi 2025, sem tekur mið af og gerir skil á niðurstöðum og tillögum starfshópa sem fjallað hafa um hjálpartækjalöggjöfina í skýrslum 2019 og 2025.

Sjálfsbjörg lsh, telur einboðið að við úthlutun hjálpartækja til hreyfihamlaðs fólks skuli tekið mið af félagslegri nálgun á hugtakinu fötlun, svo þörfum þess hóps til virkni og þátttöku sé mætt eins og kveðið er á um í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF).

Mörg ákvæði SRFF taka til hjálpartækja, enda er tilgangur þeirra að jafna stöðu fatlaðs fólks. Samningurinn staðfestir í 26. grein, rétt fólks til sjálfsbjargar sem felur í sér rétt til hjálpartækja til samfélagsþátttöku á öllum sviðum samfélagsins.

Landsfundurinn hvetur stjórnvöld til samvinnu þvert á ráðuneyti og með sveitarfélögum til að heildarendurskoðuð hjálpartækjalöggjöf gagnist sem best notendum hjálpartækja; börnum og fullorðnum í skóla, íþróttum, tómstundum, frítíma, atvinnulífi og einkalífi.

Ísland fullgilti samninginn 2016, það er tími til komin að vinna eftir honum.

Greinagerð

Skilgreining SRFF á fötlun: *Fötlun er afsprengi samspils milli fólks með skerðingar annars vegar og umhverfis og viðhorfa hins vegar sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku þess til jafns við aðra.*

Í mörg ár hefur landsfundur Sjálfsbjargar ályktað og hvatt stjórnvöld og heilbrigðisráðherra til að vinna heildarendurskoðun á hjálpartækjalöggjöfinni, svo notendur hjálpartækja hafi raunveruleg tækifæri til þátttöku í daglegu lífi og á öllum sviðum samfélagsins. **Stjórnvöld hafa ekki enn brugðist við því ákalli.**

Nú ætla stjórnvöld að lögfesta á samning SP um réttindi fatlaðs fólks í vor, ný mannréttindastofnun tekur til starfa 1. maí og þann 1. sept. nk. taka gildi ýmis lög tengd endurskoðun örorkulífeyriskerfis almannatrygginga. Sjálfsbjörg hvetur ríkisstjórnina enn og aftur til dáða, að grípa strax til aðgerða sem uppfylla markmið SRFF varðandi aðgengi hreyfihamlaðra að; frístund og íþróttum, að hjálpartækjum, viðeigandi aðlögun,

tækifærum til atvinnuþátttöku, aðgengi að menntun og manngerðu umhverfi svo fátt eitt sé nefnt.

Fatlað fólk er mikilvægur hluti af fjölbreytileika samfélagsins, það er í öllum þjóðfélagshópum og á öllum aldri. Í samfélagi sem gerir sífellt meiri kröfur til samfélagsþátttöku fatlaðs fólks og sem fatlað fólk sjálft gerir kröfur um, er aðgengi að margskonar hjálpartækjum grundvallaratriði. Til þess að inngilding og samfélagsþátttaka geti raunverulega orðið, verður að uppfæra hjálpartækjalöggjöfina til nútímans.

Til þess að vera virkur þátttakandi í samfélaginu er mikilvægt að fólk með fötlun geti á auðveldan og öruggan máta sinnt öllum athöfnum daglegs lífs, fjölskyldu og tómstundum. Hjálpartæki eru grunnur að allri þátttöku hreyfihamlaðra, ekki síst hvað varðar atvinnu. Hreyfihamlað fólk þarf, jafnvel frekar en aðrir, að sinna hreyfingu og íþróttaiðkun, enda er það forsenda heilbrigðis og forvörn gegn líkamlegum og andlegum kvillum.

- **Sjálfstætt líf:** Hjálpartæki eru lykill að sjálfstæði, fullri samfélagsþátttöku og virkni fatlaðs fólks. Hjálpartæki stuðla að jöfnuði og jafnrétti.
- **Félagsleg nálgun á fötlun:** Leggja skal áherslu á félagslega sýn á fötlun þar sem litið er á fötlun sem samspil milli einstaklings og samfélagslegra hindrana
- **Heildræn skilgreining hjálpartækja:** Hjálpartæki eiga að styðja fólk á öllum sviðum daglegs lífs og auka lífsgæði þess og mannlega reisn.
- **Fókus á tómstunda- og íþróttahjálpartæki:** Einfalda reglur um úthlutun slíkra tækja og fjölga tegundum í reglugerð. Tryggja aðstoð við viðgerðir og þjónustu innanlands.
- **Ívilnun:** Útvíkkun heimildar til endurgreiðslu virðisaukaskatts á fleiri tegundum hjálpartækja sem ekki falla undir styrki frá Sjúkratryggingum Íslands.
- **Innleiðing nýunga:** Styðja þarf við nýjungar og tæknilausnir með stofnun sérstaks sjóðs til að prófa og innleiða ný hjálpartæki sem falla utan hefðbundinna kerfa.
- **Samræmi við alþjóðaskuldbindingar:** Miða þarf allar skilgreiningar og úthlutun hjálpartækja við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF).

Í 26. grein SRFF segir „*Aðildarríkin skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir ... til þess að gera fötluðu fólki kleift að öðlast og viðhalda sem mestu sjálfstæði, fullri líkamlegri, andlegri og félagslegri getu, ásamt starfsgetu, og að taka fullan þátt á öllum sviðum lífsins án aðgreiningar.*“

Ákvæði SRFF sem til dæmis taka til hjálpartækja eru m.a. 4. gr. um almennar skuldbindingar, 5. gr. um jafnrétti og bann við mismunun, 20. gr. um ferlimál, 24. gr. um menntun, 25. gr. um heilbrigði, 26. gr. um hæfingu og endurhæfingu, 27. gr. um vinnu, 30. gr. um réttinn til áttöku í menningarlífi, tómstunda-, og frístunda- og íþróttastarfi.

Í 4. gr. um almennar skuldbindingar kemur fram:

g) Aðildarríkin skuldbinda sig til að framkvæma eða gangast fyrir rannsóknum og þróun á nýrri tækni, og sjá til þess að hún sé tiltæk og notuð, þar á meðal upplýsinga- og samskiptatækni, ferliaðstoð, búnaði og hjálpartækni sem henta fötluðu fólki, með áherslu á tækni á viðráðanlegu verði,

h) Aðildarríkin skuldbinda sig til að láta fötluðu fólki í té aðgengilegar upplýsingar um ferliaðstoð, búnað og hjálpartækni, þar á meðal nýja tækni auk annarra tegunda aðstoðar, stuðningsþjónustu og búnaðar,

i) Aðildarríkin skuldbinda sig til að efla þjálfun og þekkingu fagfólks og starfsfólks sem vinnur með fötluðu fólki á þeim réttindum sem eru viðurkennd með samningi þessum í því skyni að betrumbæta þá aðstoð og þjónustu sem þau réttindi tryggja.